

**Sþ.**

## **281. Tillaga til þingsályktunar**

um landsvistarleyfi nokkurra útlendinga.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að veita þeim Þjóðverjum, sem kvæntir eru íslenzkum konum og búsettir voru hér á landi árið 1939, landsvistarleyfi á Íslandi nú þegar, enda hafi þeir ekki orðið uppvísir að því að hafa rekið hér starfsemi í þágu erlendra ríkja, sem hættuleg geti talizt hagsmunum Íslendinga, eða framið aðra verknaði, sem ósaemilegir séu að almenningsáliti.

### **Greinargerð.**

Tillaga þessi skýrir sig sjálf. Hún er fram komin vegna þess, að hæstv. dómsmálaráðherra hefur ekki talið sér fært, án viljayfirlysingar Alþingis, að veita nokkrum Þjóðverjum, sem hér höfðu dvalizt fyrir árið 1939 og eiga hér konur og börn, landsvistarleyfi. Að sjálfssögðu gera flm. tillögunnar ekki ráð fyrir því, að nokkrum þeim, sem orðið hefur uppvís að því að reka hér erindi erlendra þjóða, sem hættuleg geta talizt hagsmunum Íslendinga, verði veitt hér slikt landsvistarleyfi. En hitt er öllum augljóst, að ekki er hægt að láta hina saklausu gjalda hinna seku um langan aldur. Slikt athæfi mundi ekki aðeins bitna á fáeinum útlendingum, heldur og bágstöddum íslenzkum konum og börnum, sem enn þá síður hafa til saka unnið.

Hér er fyrst og fremst um mannúðarmál að ræða, sem of lengi hefur dregið að ákvörðun yrði tekin í.